

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skrifstofa matvælaöryggis og fiskeldis  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

*Sent í tölvupósti*  
Reykjavík, 20. ágúst 2021

**Efni: Umsögn um tillögur að breytingum á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda (miðlun upplýsinga með tæknilausnum).**

*Tilv. 202108-0002*

Vísað er til tölvupósts frá atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytinu frá 9. ágúst sl. þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um tillögu að breytingu á reglugerðardrögum um breytingu á reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda (hér eftir upplýsingareglugerðin).

Drögin voru kynnt á Samráðsgátt stjórnvalda á vormánuðum 2021 og þann 20. maí sl. hélt ráðherra landbúnaðarmála fund með umsagnaraðilum og fundinn sátu tveir fulltrúar Bændasamtakanna. Í fyrrgreindum tölvupósti kom fram að í ljósi umræðna á fundinum væri lagt til að drögunum yrði breytt á þá leið að sú krafa verði gerð að ofnæmisvaldar verði í öllum tilvikum að finna á umbúðum forpakkaðra matvæla á ensku eða Norðurlandamálum utan finnsku.

Í fjölmörgum umsögnum sem sendar voru inn um málið á Samráðsgátt sem og umræðum á áðurnefndum fundi komu fram efasemdir um hvort ráðuneytinu væri yfirleitt stætt á því að útvíkka reglugerðina þannig að heimilað yrði að birta lögboðnar upplýsingar um matvæli með stafrænum lausnum. Á fundinum um reglugerðardrögin kom fram að þetta álitaefni yrði kannað af hálfu ráðuneytisins. Að áliti Bændasamtakanna verður að telja það algjöra grundvallarforsendu að því sé svarað áður en lengra er haldið. Um þetta vísast til fyrri umsagnar Bændasamtakanna um málið.

Bændasamtökin fallast ekki á að afstaða umsagnaraðila og fundarmanna hafi fyrst og síðast snúið að áhyggjum af heftu aðgengi að upplýsingum um ofnæmis- og óþolsvalda. Það eitt að sá vandi sé viðurkenndur með tillögunni afhjúpar vandann sem blasir við ef heimilt verður að miðla upplýsingum með þessum hætti. Megin markmið upplýsingareglugerðarinnar er að auðvelda neytendum að taka upplýstar ákvarðanir við val á matvælum. Gert er ráð fyrir að gerð verði sú krafa að við sölu matvæla skuli vera fyrir hendi nauðsynlegur tækjabúnaður sem neytendur hafa aðgengi að á hverjum sölustað í því skyni að nálgast lögboðnar upplýsingar um

matvæli. Þrátt fyrir að slíkt yrði gert að skyldu er neytendum gert erfitt fyrir að nálgast þessar upplýsingar og þar með taka upplýsta ákvörðun. Helstu rök fyrir reglugerðarbreytingunni eru kostnaður við endurmerkingar en að mati samtakanna þarf að virða meginmarkmið upplýsingareglugerðarinnar á meðan ekki hníga sterkari rök til að slíkar heimildir verði innleiddar. Hvorki liggur fyrir að breytingarnar séu nauðsynlegar né tímabærar.

Að því sögðu er afstaða í fyrri umsögn Bændasamtakanna um málið ítrekuð og leggjast samtökin eindregið gegn því að tillögurnar eins og þær liggja fyrir verði samþykktar. Að lokum eru gerðar athugasemdir við að breytingatillaga sem send var samtökunum í tölvupósti hafi ekki verið birt á Samráðsgátt til að tryggja gagnsæi í samráðsferli.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímisdóttir